

Nr. 118 / 11 Sæljós GK 2***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1315
Smíðaður: Akureyri 1973 Eik
Stærð: 23,9 brl. 26 bt.
Mesta lengd: 15,8 m Skráð lengd: 14,74 m
Breidd: 4,35 m Dýpt: 2,02 m
Vél: Scania 214 kW 1987
Fjöldi skipverja: 3



Sæljós ©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. febrúar 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. júní 2011 var Sæljós GK 2 við bryggju í Sandgerði.

Skipverjar höfðu klárað að koma körum fyrir í lestinni og voru að hífa lestarlúguna til að loka lestinni. Skipverji sem stýrði lúghleranum hélt um kantinn þannig að litli fingur vinstri handar klemmdist á milli þegar hleranum var slakað niður á lúgukarminn. Farið var með slasaða á sjúkrahús til skoðunar en fingurinn reyndist ekki brotinn.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að slasaði hélt utan um hlerakantinn þegar honum var slakað niður á karminn.